



Alþingi
b.t. atvinnuveganefndar
Kirkjustræti v/Austurvöll
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti
Reykjavík, 24. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (niðurgreiðsla á raforku til garðyrkjubænda), 338. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. mars sl., um ofangreint mál. Með tölvupósti dags. 24. mars, óskuðu Bændasamtökin eftir viðbótardegi til þess að skila inn umsögn. Var frestur veittur með tölvupósti samdægurs.

Um frumvarpið

Með frumvarpinu er lagt til að nýtt ákvæði til bráðabirgða, bætist við búvörulög þess efnis að ríkissjóður niðurgreiðir garðyrkjubændum allan kostnað við flutning og dreifingu raforku vegna framleiðslu garðyrkjuafurða á árunum 2021-2024, að þeim skilyrðum uppfylltum að orkukaupin séu vegna atvinnustarfsemi, að niðurgreidd raforka sé sérmæld og fari einungis til lýsingar plantna í gróðurhúsi til að örva vöxt þeirra, að framleiðslan sé ætluð til sölu og að ársnotkun til lýsingar sé meiri en 100 MWst á ári. Heildarfjárhæð niðurgreiðslna skal ekki takmarkast við heildarframlög samkvæmt samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða sem gerðir eru á grundvelli búvörulaga.

Athugasemdir Bændasamtaka Íslands

Bændasamtök Íslands taka efnislega undir þær tillögur sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Stjórnvöld hafa í stefnu sinni hvatt til nýrra ræktunaraðferða, þá m.a. í tengslum við fæðuöryggi. Samtökin vilja þess vegna koma því á framfæri að ýmissa tækniframfara er að gæta í þessum geira þar sem LED-lýsing, nýting á landi, orku og vatni er háörkuð með lóðréttum landbúnaði. Við slíkar aðstæður fer umtalsvert af rafmagnsnotkun sem nýtt er til framleiðslu í loftræstingu á meðan hinn helmingur nýtingar er þá lýsing. Leggja samtökin til að texti bráðabirgðarákvæðisins skv. frumvarpinu taki tillit til þessa.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Vigdís Häsler
framkvæmdastjóri